



Forsætisnefnd

Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar voru samþykktar á fundi borgarstjórnar 3. mars 2020. Reglunum er ætlað að veita almenningi upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa hjá Reykjavíkurborg og trúnaðarstörf þeirra utan borgarstjórnar og þar með auka gagnsæi í störfum borgarstjórnar Reykjavíkur.

Í 6. gr. reglnanna kemur fram að þeir borgarfulltrúar sem kjósa að skrá hagsmuni sína, skrá upplýsingar á rafrænan hátt innan mánaðar frá því að nýkjörin borgarstjórn tekur sæti. Skráningarblað sem notað er skal staðfest af forsætisnefnd.

Er óskað eftir því að meðfylgjandi skráningarblað verði staðfest af forsætisnefnd.

Virðingarfyllst,

Helga Björk Laxdal

Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt: Skráningarblað